

Nd.

492. Breytingartillögur

[186. mál]

við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.

- a) Í stað orðsins „Heimilt“ í 1. lið komi: Skylt.
- b) Aftan við 1. lið bætist: Kennaraháskólinn skal og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum, og er heimilt að setja um það reglugerð.
- c) Í stað orðanna „skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins“ í 5. lið komi: menntamálaráðuneytið.

2. Við 2. gr.

- a) Í 2. lið falli niður orðin „í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, fræðslustjórum utan þess svæðis svo“.
- b) Í stað orðsins „konrektor“ í 3. lið komi: aðstoðarrektor.

3. Við 4. gr.

- a) 1. liður orðist svo:
Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, en menntamálaráðuneytið fellst á það.
- b) 2. liður orðist svo:
Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi, þegar hann hefur tekið til starfa að fullu. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.

4. Við 9. gr.
 5. liður orðist svo:
Prófdómarar, skipaðir af menntamálaráðuneytinu, skulu dæma með kennara úrlausnir á lokaprófum til kennaraprófs.
Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um próf í Kennaraháskóla Íslands.
5. Við 10. gr.
 - a) Fyrirsögn hljóði svo: Þjálfun í starfi.
 - b) Greinin orðist svo:
Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með hinum nýju kennurum og setja þeim leiðsagnarkennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.
6. Við 11. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi:
Skipa skal allt að sjö prófessora og allt að níu dósentar.
7. Við 12. gr.
 - a) Í stað orðsins „dómnefndar“ í 3. lið komi: skólaráðs.
 - b) 4. liður orðist svo:
Leita skal álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar. Engum má veita slíkar stöður, nema meiri hluti skólaráðs telji þá hæfa til starfsins.
8. Við 13. gr.
 - a) Í stað orðsins „konrektor“ í I. og II. lið komi: aðstoðarrektor.
 - b) Síðasta mgr. orðist svo:
Rektor ræður, setur eða skipar starfsmenn samkvæmt grein þessari, að fenginni umsögn skólaráðs, er áður hafi leitað álits nemendaráðs, að því er námsráðunaut varðar.
9. Við ákvæði til bráðabirgða.
 - a) 2. liður orðist svo:
Við Kennaraháskóla Íslands skal starfrækja menntadeild og framhaldsdeild samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, á meðan styrkbær fjöldi nemenda óskar að stunda þar nám.
 - b) Framan við 4. lið komi:
Við stofnun Kennaraháskóla Íslands skal dómnefnd, skipuð tveim mönnum tilnefndum af Háskóla Íslands og einum af menntamálaráðherra, dæma um hæfni umsækjenda um prófessors- og dósentstöður.